

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 8. júlí 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-107/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 9. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um galla á bifreið, sem hún seldi Y, hér eftir einnig nefnt kaupandi. Álitsbeiðandi krefst þess að reikningur að fjárhæð kr. 494.791, sem kaupandi sendi henni vegna galla í bifreið, verði endurgreiddur.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 19. janúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 26. febrúar. Með bréfi, dags. 27. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 13. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 22. júní, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 20. febrúar 2014 seldi álitsbeiðandi kaupanda bifreiðina xx-000 fyrir kr. 1.000.000. Var bifreiðin af gerðinni Jeep Grand Cherokee Limited 4WD, árgerð 2005, fyrst skráð 21. janúar 2005. Á kaupdegi hafði bifreiðinni verið ekið 90.000 km. Voru viðskiptin liður í kaupum álitsbeiðanda á nýrri bifreið af nefndum kaupanda, en kaupandi tók bifreiðina uppí kaupverð hinnar nýju bifreiðar og gerði um það kaupsamningi við álitsbeiðanda dags. 20. febrúar 2014. Segir álitsbeiðandi að gengið hafi verið frá viðskiptunum eftir að kaupandi hafði söluskoðað bifreiðina og verkstæði þriðja aðila farið yfir sjálfskiptingu. Nokkrum mánuðum eftir viðskiptin hefur starfsmaður kaupanda síðan samband, segir sjálfskiptinguna bilaða og óskar eftir því að álitsbeiðandi taki þátt í kostnaði vegna viðgerðar. Segist álitsbeiðandi hafa verið móttfallin því þar sem henni hafi þótt verð bifreiðarinnar of lágt og samningar hafi þegar verið frágengnir um verð á bifreiðinni. Hinn 2. september 2014 sendi kaupandi álitsbeiðanda síðan reikning vegna viðgerðar á sjálfskiptingunni, að fjárhæð kr. 494.791. Telur álitsbeiðandi ekki rétt að hún sé látin greiða fyrir viðgerð á bifreið sem kaupandi hafi keypt af sér og sjálfur söluskoðað, eftir að hún hafi síðan sjálf látið athuga skiptingu bifreiðarinnar á verkstæði. Mótmælir álitsbeiðandi því einnig að um leyndan galla sé að ræða og sem fyrr segir, krefst þess að kaupandi endurgreiði sér reikning sem hún greiddi vegna viðgerðar á bifreiðinni.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af reikningum vegna skoðunar og síðar viðgerðar á sjálfskiptingu, afrit af greiðsluseðlum vegna kröfu kaupanda á hendur álitsbeiðanda og afrit af samskiptum aðila.

**IV**

**Andsvör kaupanda**

Í andsvörum kaupanda kemur fram að kvörtun álitsbeiðanda byggir á rúkkun frá kaupanda fyrir viðgerð á sjálfskiptingu í bifreið sem kaupandi eignaðist í viðskiptum sínum við álitsbeiðanda hinn 20. febrúar 2014. Var sjálfskipting bifreiðarinnar ekki í lagi þegar viðskiptin áttu sér stað, en bifreiðin hafði verið ástandsskoðuð af kaupanda degi fyrir kaup og þá gerðar athugasemdir við virkni sjálfskiptingarinnar. Álitsbeiðandi fór þá með bifreiðina á verkstæði þriðja aðila þar sem skiptingin var tölvulestin og villukóðar fjarlægðir. Síðar var ljóst að umrædd viðgerð var ekki fullnægjandi og mun alvarlegri bilun var í skiptingunni. Telur kaupandi engan vafa á því að um kaupin gildi lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Kvörtun álitsbeiðanda verði ekki skilin öðruvísi en byggt sé á því, að þar sem álitsbeiðanda þyki kaupverðið of lágt eigi hún ekki að greiða fyrir viðgerð á skiptingu bifreiðarinnar. Telur kaupandi að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi verið haldin galla og álitsbeiðandi hafi vitað af því við kaupin. Eftir kaupin hafi kaupandi farið með bifreiðina á réttningarverkstæði vegna tjóns sem var á bifreiðinni við kaupin. Í lok apríl 2014 hafi bifreiðin verið tilbúin til sölumæðferðar hjá kaupanda, en þá hafi komið í ljós að villukóðar voru aftur komnir á skiptinguna og eftir skoðun hjá sama verkstæði og álitsbeiðandi hafði áður farið með bifreiðina á, komi í ljós að sjálfskiptingin þarfnast frekari viðgerða og olía sé brunnin og svarf í pönnu. Áætlaður viðgerðarkostnaður er metinn kr. 500.000. Segist kaupandi þá hafa sett sig í samband við álitsbeiðanda og bent henni á að sjálfskiptingin væri ekki í lagi. Segir kaupandi að álitsbeiðandi hafi tjáð sér í öll þau skipti kaupandi hafði samband við hana símleiðis, að hún væri að leita að hagstæðari viðgerð á sjálfskiptingunni. Þá segir kaupandi að álitsbeiðandi hefði fullyrt við söluna að sjálfskipting bifreiðarinnar væri í fullkomnu lagi og hefði alla tíð virkað eðlilega. Þá bendir seljandi á að hann hafi keypt bifreiðina með þeim áskilnaði að skiptingin væri í lagi, sem hún hafi síðan ekki verið. Því sé um galla að ræða. Vísar kaupandi máli sínu til stuðnings til 1. mgr. 18. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Eins telur kaupandi ljóst að álitsbeiðandi geti ekki byggt á því að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið of lágt, þar sem hún hafi undirritað kaupsamning með ákveðnu verði, með áskilnaði um að sjálfskipting væri í lagi. Telur kaupandi því að hafna beri kröfum álitsbeiðanda.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið áttu álitsbeiðandi og kaupandi í bifreiðaviðskiptum hinn 20. febrúar 2014 þar sem kaupandi m.a. keypti bifreiðina xx-000 af álitsbeiðanda fyrir kr. 1.000.000. Var bifreiðin með þessum hætti tekin upp í kaup álitsbeiðanda á nýrri bifreið af nefndum kaupanda. Greinir aðila á um ástand uppítökubifreiðarinnar við kaupin, en bifreiðin er af gerðinni Jeep Grand Cherokee Limited 4WD, árgerð 2005, fyrst skráð 21. janúar 2005. Bifreiðin var því rúmlega 9 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 90.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 20. febrúar 2014, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 19.-20. gr. lausafjárkaupalaga sem ná til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu

hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 19. og 20. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. [...]

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú. [...]"

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefndin telur í fyrsta lagi að ekkert sé fram komið í gögnum málsins sem bendir til þess að hin umþrætta bifreið hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem álitsbeiðandi gaf um hana, í skilningi a-liðar 1. mgr. 19. gr. Kaupandi í máli þessu hefur haldið því fram í andsvörum sínum að álitsbeiðandi hafi hljóti að hafa vitað við kaupin, að sjálfskipting bifreiðarinnar væri biluð og eins að hún hafi haldið slíku fram við undirritun og afsals og kaupsamnings. Kærunefndin telur í þessu tilviki að gögn málsins, þar með talið reikningur með verklýsingu frá verkstæði því er skoðaði sjálfskiptingu bifreiðarinnar fyrir kaupin, beri það ekki með sér að álitsbeiðandi hafi endilega vitað, eða mátt vita, að ástand sjálfskiptingarinnar hafi verið slæmt, enda álitsbeiðandi ekki sérfræðingur um bifreiðar. Verður því heldur ekki fallist á að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. laganna.

Stendur því aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. laganna. Í kaupsamningi og afsali kemur fram að kaupandi staðfestir að álitsbeiðandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins fyrir kaupin. Fram kemur að kaupandi, sem er bifreiðaumboð og sérfræðingur í hvort tveggja viðgerðum og viðhaldi bifreiða, sem og viðskiptum með þær, framkvæmdi sjálfur söluskoðun á bifreiðinni. Við þá skoðun komu fram athugasemdir við virkni sjálfskiptingarinnar. Í kjölfarið, og áður en gegnið var frá viðskiptunum, fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði þriðja aðila, en þar var lesið af tölvu sjálfskiptingarinnar. Í reikningi vegna þessarar skoðunar, dags. 19. febrúar 2014, segir m.a. „Bíll settur í tölvu og lesinn, var með koda á line pressure og gear ration error í öllum gírurum. Sjálfskipting tekin í quicklearn og bíll prufaður, keyrir eðlilega.“ Eftir verkstæðisheimsóknina fór álitsbeiðandi aftur til kaupanda og var gengið frá viðskiptunum. Í kaupsamningi er vísað í vandkvæði með sjálfskiptingu og þar segir orðrétt: „Sjálfskipting skoðuð hjá Z og tölvulesin. Sjá reikning 136711. Niðurstaða í lagi.“ Af framangreindu verður ekki annað séð en að kaupandi hafi séð reikning vegna skoðunar á sjálfskiptingu bifreiðarinnar, enda er reikningurinn tiltekinn með númeri í kaupsamningi. Að mati

kærunefndarinnar hefðu starfsmenn kaupanda, sem er bifreiðaumboð og sérfræðingur í viðgerðum, sölu og viðhaldi bifreiða, átt að gera sér grein fyrir því við skoðun á reikningi 136711 að eitthvað amaði að sjálfskiptingu bifreiðarinnar og að ekki hefði verið framkvæmd viðgerð á skiptingunni heldur aðeins skoðun. Engu að síður kusu þeir að ganga frá kaupum á bifreiðinni. Getur kærunefndin heldur ekki fallist á þann skilningi kaupanda að með framangreindum fyrirvara í kaupsamningi hafi seljandi bifreiðarinnar ábyrgst að sjálfskipting væri í lagi við kaupin. Hins vegar sé engum vara undirorpið að skipting var biluð við kaupin og þrátt fyrir að kaupandi hefði e.t.v. átt að sinna skoðunarskyldu sinni betur en raunin varð, verði engu að síður að líta á sem svo að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin í skilningi c-liðar 1. mgr. 19. gr., því enda þótt kaupandi hefði átt að veita því frekari athygli að eitthvað amaði að sjálfskiptingunni, er ólíklegt að hann hefði mátt gera sér grein fyrir því hve slæmt ástand hennar í raun var. Verður því að fallast að kaupandi hafi mátt bera fyrir sig vanefndarúrræði laganna, en kaupandi krafði álitsbeiðanda um skaðabætur að fjárhæð kr. 494.791 hinn 2. september sl., en þá kröfu hefur álitsbeiðandi greitt. Kærunefndin telur hins vegar að bótakrafa kaupanda, sem nær yfir allt tjón hans, sé of há, en að mati kærunefndarinnar er rétt að aðilar beri jafnt það tjón sem gallinn hafði í för með sér. Er því samkvæmt þessu rétt að kaupandi endurgreiði álitsbeiðanda helming þeirrar fjárhæðar sem hún greiddi til kaupanda hinn 6. janúar sl. eða kr. 258.105.

## VI

### Álitsorð

Kaupandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 258.105.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir